

REGLUGERÐ

um sérstakt jöfnunargjald af kartöflum og vörum unnum úr þeim.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu sérstakt 40% jöfnunargjald af kartöflum og vörum unnum úr þeim, sem flokkast undir eftirtalin tollskárnúmer í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.:

07.02.00	19.08.09
07.03.00	20.01.00
07.04.00	20.02.07
11.05.01	20.02.08
11.05.09	20.02.09
19.02.09	21.07.19

Landbúnaðarráðherra er heimilt að fella niður jöfnunargjald af vörum sam falla undir fyrrnefnda tollflokka, enda séu vörurnar fluttar inn sem hráefni til umtalsverðrar innlendirar iðnaðarframleiðslu.

2. gr.

Sérstakt jöfnunargjald skv. 1. gr. skal lagt á tollverð vöru og skulu ákvæði 5.—8. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum gilda eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu sérstaks jöfnunargjalds skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftrilít og laga nr. 47/1960 um tollvörugæmslur o. fl. með síðari breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu sérstaks jöfnunargjalds samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á þeim til ríkissjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975 um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs. Tekjum af gjaldinu skal haldið sérgreindum við innheimtu og skil í ríkissjóð.

4. gr.

Landbúnaðarráðuneytið sker úr ágreiningi um gjaldskyldu samkvæmt reglugerð þessari.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í lögum nr. 25 5. maí 1986 um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, öðlast gildi þegar í stað og tekur til þeirra vara sem um ræðir í 1. gr. sem ótollafgreiddar eru á þeim tíma. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 289 24. júní 1986 um sérstakt jöfnunargjald af innfluttum kartöflum og vörum unnum úr þeim, og reglugerð nr. 451 30. október 1986 um breytingu á þeirri reglugerð.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. maí 1987.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigbórsson.